

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingar og Vinstri grænna óska bókað:

Þakkað er fyrir svör við spurningum sem beint var til KPMG, KPMG eru endurskoðendur OR og framkvæma því ekki sjálfstætt mat á verðmæti skuldabréfsins sem lagt er fram fyrir 70#PR af greiðslu Magma. KPMG yfirfer því aðeins mat OR á skuldabréfinu varðandi þá þætti sem fram koma í spurningum minnihlutans.

Svörin frá KPMG staðfesta fullyrðingar fulltrúa Samfylkingar og Vinstri grænna um að forsendur meirihlutans við núvirðingu tilboðsins séu óeðlilegar.

Meðal þess sem kemur fram í minnisblaði KPMG um áhættuálag:

Hvorki Magma Energy, Magma Energy Sweden né HS Orka eru með skráð lánshæfismat. Magma Energy er ungt félag (stofnað 2008) og starfar á tiltölulega ungum markaði sem byggir á nýlegri tækni. Samanburður við sambærileg félög er erfiður. Horfur á fjármálmörkuðum eru ennþá óljósar sem endurspeglast meðal annars í háu áhættuálagi skuldabréfa í sögulegu samhengi. Það er því niðurstaða KPMG að það hefði verið „viðeigandi að notast við nokkuð hærra áhættuálag við núvirðingu skuldabréfsins en OR notast við í sínum útreikningum“.

KPMG staðfestir að „eðlilegt sé að notast við áhættuálag ofan á ríkistryggða vexti við mat á ávöxtunarkröfu til núvirðingar bréfsins“. Varðandi áhrif þess að síðustu staðgreiddu viðskipti í HS Orku voru á genginu 4,7 segir í minnisblaði KPMG: „að sé gengið út frá þeirri forsendu að gengið 4,7 endurspegli gangvirði hlutabréfa HS Orku hafi það að öðru óbreyttu áhrif til hækkunar ávöxtunarkröfu“.

Ámælisvert er að stjórnarformaður OR hefur á opinberum vettvangi vísað til staðfestingar KPMG á útreikningum meirihlutans. Nú þegar svör KPMG liggja fyrir er þvert á móti ljóst að í þeim felst áfelligdómur yfir forsendum sem gengið er út frá við mat meirihlutans á tilboði Magma.